



Yfirlýsing um samstarf

Landspítali – háskólasjúkrahús (LSH) telur það skyldu sína að rækta samband við almenning og eiga samvinnu og samráð við hagsmunasamtök sjúklinga.

Í samstarfshópi félaga taugasjúklinga eru eftirtalin félög:

- Félag MND - sjúklinga,
- MG - félag Íslands,
- MS – félag Íslands,
- Heilaheill,
- LAUF – samtök flogaveikra,
- Parkinsonssamtökin á Íslandi.

Sameiginlega lýsa þessir aðilar yfir vilja sínum til að eiga samstarf með skipulegum hætti um mál sem varða skjólstæðinga félaganna og tengjast spítalanum.

Fræðsla og kynning

Aðilar eru sammála um að vinna að eftirfarandi:

- Að fræða almenning og sjúklinga um viðkomandi sjúkdóma og einkenni þeirra sem víðast til að vinna gegn fordómum.
- Að koma á reglulegum samráðsfundum stjórnenda og starfsmanna LSH annars vegar og fulltrúa félaganna hins vegar til að greiða fyrir frekara samstarfi sem ákveðið verður.
- Að fundir fulltrúa félaganna og stjórnenda/starfsmanna taugalækningadeildar, lyflækningasviðs I, endurhæfingarsviðs og annarra tengdra þjónustueininga verði tvisvar á ári, haust og vor og eftir nánara samkomulagi.
- Að fundur fulltrúa félaganna og yfirstjórnar LSH verði einu sinni á ári og oftar ef þurfa þykir, í kjölfar funda með áðurnefndum aðilum.

Önnur atriði

Auk ofangreinds samstarfs eru aðilar reiðubúnir til að ræða og fjalla um önnur mál sem varða taugasjúklinga sérstaklega.

Reykjavík, 20. desember 2005

f.h. Landspítala – háskólasjúkrahúss

f.h.félags MND-sjúklinga

Magnús Pétursson, forstjóri

f.h. MG – félag Íslands

f.h MS – félag Íslands

f.h. Heilaheill

f.h. LAUF – samtaka flogaveikra

f.h. Parkinsonsamtakanna á Íslandi

